

Mánudaginn 14. maí 1990.

Nr. 62/1989. **Jón Bjarnason**

(sjálfur)

gegn

Óttari Proppé

(Haraldur Blöndal hrl.)

og gagnsök.

Lögmannspóknun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Með áfrýjunarstefnu 27. febrúar 1989 skaut aðaláfrýjandi til Hæstaréttar dómi bæjarþings Hafnarfjarðar í máli þessu. Jafnframt hefur hann að fengnu áfrýjunarleyfi 31. mars 1989 skotið til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl 1989 úrskurði í málinu um sameiningu bæjarþingsmála nr. 39/1986 og 40/1986.

Dómkröfur aðaláfrýjanda eru þessar: „aðallega, að málsmeðferð héraðsdóms verði frá og með 9. febrúar 1987 ómerkt, að úrskurði héraðsdómara um sameiningu bæjarþingsmálanna nr. 39 og 40 frá árinu 1986 verði hrundið og að lagt verði fyrir héraðsdómara að ljúka dómi á hvort mál um sig, til vara, að aðalstefnda verði gert að greiða aðalstefnanda annars vegar kr. 118.860 kr., en hins vegar kr. 98.940, samtals kr. 217.800, með 40% ársvöxtum af kr. 118.860 frá 1. nóvember 1982 til 1. janúar 1983, af kr. 217.800 frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 13. ágúst 1984, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 27. s.m., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september 1984, 25,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1984, 26% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1985, 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. ágúst 1985, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, 27%

árvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% árvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi aðalstefnda bæði í héraði og hér fyrir dómi...”

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. september 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 25. ágúst 1989. Hann krefst lækkunar á fjárkröfu aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Aðalkrafa aðaláfrýjanda lýtur að því, að brostið hafi lagaskilyrði til þess að sameina gegn mótmælum hans bæjarþingsmálin nr. 39/1986 og 40/1986, svo sem gert var með úrskurði bæjarþings Hafnarfjarðar, uppkveðnum 9. febrúar 1987. Kærumáli út af þessum úrskurði var vísað frá Hæstarétti með dómi 6. maí s.á., þar sem kæruheimild skorti (dómasafn, bls. 647). Áfrýjun úrskurðarins með aðalmálinu er heimil samkvæmt 17. gr. laga nr. 75/1973.

Kröfur aðaláfrýjanda í nefndum málum beindust að einum og sama aðila og eru sprottnar af lögfræðipjónustu, er aðaláfrýjandi lét gagnáfrýjanda í té í þágu samþættra hagsmuna hins síðarnefnda, sem áttu að öllu leyti rætur að rekja til ágreinings, er varðaði sameignarfélag um atvinnurekstur, sem hann var eignaraðili að. Skilyrði voru því til að sameina málin samkvæmt 1. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Var ákvörðun héraðsdómara um það eðlileg og réttmæt. Ber því að staðfesta hinn áfrýjanda úrskurð.

II.

Málsatvik eru ýtarlega rakin í héraðsdómi. Þar er gerð grein fyrir störfum aðaláfrýjanda í þágu gagnáfrýjanda og rakin þau gögn, er aðaláfrýjandi hefur lagt fram og byggir á kröfur sínar í málinu. Störf aðaláfrýjanda virðast hafa hafist haustið 1981 og verið að fullu lokið haustið 1982. Meðal gagna málsins eru tveir reikningar aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda fyrir störf hans. Þeir eru báðir ódagsettir og lagðir fram við þingfestingu 14. janúar 1986. Hinn 4. september 1982 greiddi gagnáfrýjandi upp í þóknun og útlagðan

kostnað 10.000 krónur. Er það eina greiðslan, sem aðaláfrýjandi hefur fengið fyrir umrædd störf sín.

Í málinu hefur verið lagður fram gíróseðill, sem aðaláfrýjandi sendi gagnáfrýjanda. Hann er að fjárhæð 98.500 krónur. Gíróseðillinn ber ekki með sér dagsetningu. Aðaláfrýjandi heldur því fram, að hann hafi verið sendur 28. apríl 1983, en gagnáfrýjandi fullyrðir í aðilaskýrslu, að hann hafi borist sér um eða eftir mitt það ár. Neðanmáls á gíróseðlinum er svofelldur texti:

„Þóknun fyrir lögfræðistörf á árunum 1981 og 1982 og útlagður kostnaður að frádreginni innborgun á árinu 1982.“

Hvorki virðist reikningsgerð hafa fylgt þessum gíróseðli né nokkrar skýringar á því, hvernig fjárhæð hans var hugsuð.

Gagnáfrýjandi viðurkennir skuld við aðaláfrýjanda vegna umræddra starfa hans, en mótmælir fjárhæð dómkröfu hans sem allt of hárrí og órökstuddri.

Álitaefni málsins er þannig háttað, að mat á þóknun til aðaláfrýjanda fyrir störf hans í þágu gagnáfrýjanda er miklum vandkvæðum háð. Er nefndur gíróseðill var sendur, var störfum aðaláfrýjanda lokið, og er nærtækast að álykta, að hann hafi með gíróseðlinum verið að koma á framfæri endanlegri kröfu um greiðslu á kostnaði og þóknun fyrir störf sín. Verður og að líta svo á, að gagnáfrýjandi hafi mátt ætla, að svo væri.

Þegar framanskrað er virt, eru ekki efni til að taka fjárkröfu aðaláfrýjanda til greina í meira mæli en nemur fjárhæð gíróseðilsins.

Samkvæmt þessu ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda 98.500 krónur. Rétt þykir að dæma vexti eins og krafist er, en frá stefnubirtingardegi í héraði til greiðsludags.

Rétt er, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 90.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Framangreindur úrskurður er staðfestur.

Gagnáfrýjandi, Óttarr Proppé, greiði aðaláfrýjanda, Jóni Bjarnasyni, 98.500 krónur með 36% ársvöxtum frá 7. janúar 1986 til 1. mars s.á., 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% árs-

vöxtum frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 90.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er að öllu leyti samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda, að því er tekur til úrskurðar bæjarþings Hafnarfjarðar frá 9. febrúar 1987 um sameiningu bæjarþingsmálanna nr. 39/1986 og 40/1986.

Enda þótt héraðsdómur sé vel grundaður, er ég samþykkur því áliti meirihluta dómenda, að rétt sé eftir öllum atvikum að miða ógreidda þóknun aðaláfrýjanda fyrir störf hans við fjárhæð gíróseðils þess, er hann sendi gagnáfrýjanda á árinu 1983. Getur sú fjárhæð vart talist úr hófi miðað við þann tíma, er til starfanna fór hjá aðaláfrýjanda, og þá hagsmuni gagnáfrýjanda, sem um var að fjalla. Virðist aðaláfrýjandi hafa þar tekið nokkurt tillit til þess, að tíma við störfinn var að hluta varið til bollalegginga fremur en markvissra aðgerða. Fjárhæðin var sett fram án nánari skýringa, en sú vinna, er henni lá að baki, hafði verið sýnileg gagnáfrýjanda að mestu leyti. Gagnáfrýjandi virðist hafa tekið þessari kröfu aðaláfrýjanda af miklu skilningsleysi, og er ekki ástæða til, að hann njóti þess, að aðaláfrýjandi hófst ekki handa um málsókn vegna kröfunnar þegar á sama ári.

Með vísan til þessa tel ég aðaláfrýjanda eiga að fá kröfu sína greidda með vöxtum frá 1. júlí 1983 og þá með almennum innlánsvöxtum til stefnubirtingardags, 7. janúar 1986, og dráttarvöxtum frá þeim degi, eins og nánar greinir í dómsorði.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda um málskostnað.

D ó m s o r ð :

Framangreindur úrskurður er staðfestur.

Gagnáfrýjandi, Óttarr Proppé, greiði aðaláfrýjanda, Jóni Bjarnasyni, 98.500 krónur með 21,5% ársvöxtum frá 1. júlí

1983 til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 7. janúar 1986, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987 og 30% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 90.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 28. nóvember 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Jón Bjarnason hæstaréttar-lögmaður, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með 2 stefnum, birtum 7. janúar 1986, á hendur Óttari Proppé, Sunnuvegi 12, Hafnarfirði.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða vegna vinnu og útlagðs kostnaðar að frádreginni áður greiddri fjárhæð kr. 118.860, eins og getur í stefnu málsins með þessu númeri, 39, við málshöfðunina, en að honum verði einnig gert að greiða kr. 98.940 fyrir vinnu og útlagðan kostnað vegna sameignarfélagsins Proppé sf., hvort tveggja ásamt vöxtum sem hér segir:

39% ársvöxtum af kr. 118.860 frá 14. september 1982 til 1. nóvember s.á., 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 13. ágúst s.á., 24% ársvöxtum frá þeim degi til 27. sama mánaðar, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september s.á., 25,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október s.á., 26% ársvöxtum frá þeim degi til 25. sama mánaðar, 27,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1985, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. ágúst s.á. og með 36% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og 47% ársvöxtum af kr. 98.940 frá 1. janúar 1983 til 21. september s.á. og síðan alveg sama vaxtafæti sömu tímabil og að framan greinir af þessari fjárhæð einnig.

Þá er og krafist málskostnaðar í samræmi við framanritað skv. gjaldskrá LMFÍ eða að mati dómarsins.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að kröfur stefnanda verði aðeins að litlum hluta teknar til greina, en stefnda dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati bæjarþingsins.

Málið var upphaflega flutt 20/10 1987, endurflutt 7/6 1988 og aftur í dag.

II.

Stefnandi sótti dómkröfur sínar í upphafi í 2 málum, sem þingfest voru sama dag, 14. janúar 1986. Af hálfu stefnda var þess upphaflega krafist, að málin yrðu sameinuð, en fallið var frá þeirri kröfu fyrir aðalflutning. Við aðalflutning setti umboðsmaður stefnda aftur fram kröfu um sameiningu málanna, og var sú krafa tekin til úrskurðar. Þann 9. febrúar sl. féll úrskurður á þann veg, að málin skyldu sameinast, með vísan til 1. mgr. 117. gr. l. 85/1936. Stefnandi kærði úrskurðinn til Hæstaréttar. Meirihluti Hæstaréttar vísaði málinu frá Hæstarétti þann 6.5.1987, þar sem kæruheimild skorti. Í dómi Hæstaréttar segir m.a.: „Sameining á málum leiðir ekki til þess að málið falli niður, heldur einungis til þess að málin verða dæmd í einu lagi.“

Sáttatilaunir báru eigi árangur.

III.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að

a) stefndi hafi falið sér haustið 1981 að reyna að ná samkomulagi um ýmis mál varðandi sameignarfélagið P. Árnason og Proppé, sem stefndi hafi átt að hálfu á móti Péttri Árnasyni. Félag þetta hafi fengist við þökkun og flutninga á húsmunum varnarliðsstarfsmanna, og hafi þeir félagar unnið báðir hjá félaginu í fjölda ára. Stefnandi kvaðst hafa átt viðræður við Pétur Árnason og tvo lögfræðinga hans, og hafi vinna sín verið bæði umfangsmikil og tímafrek. Ágreiningsefni eigendanna hafi verið mörg. Sum hafi tekist að leysa fyrir hans atbeina, en önnur hafi verið miklu torveldari viðfangs. Þá hafi lögfræðingaskipti Péturs Árnasonar haft í för með sér aukna vinnu. Þá hafi það og komið til, að Pétur Árnason hafi stofnað annað sameignarfélag, sem fengið hafi starfsleyfi á Keflavíkurflugvelli, og hafi vart verið annað að sjá en að þær aðgerðir Péturs beindust að beinni samkeppni við félag þeirra stefnda og væri gert í þeim tilgangi að rýra verðmæti P. Árnasonar og Proppé sf.

Stefnandi kvað stefnda í upphafi hafa óskað eftir náinni samvinnu um gang mála og haft sér til fulltingis tvo syni sína. Stefnandi kvað félagið hafa skilað miklum arði og átt miklar eignir. Stefnandi kvaðst hafa unnið

að þessum verkefnum til ársloka 1982, og hafi verið um fjölþætt verkefni að ræða. Hann kvað stefnda hafa greitt upp í reikning sinn kr. 10.000 14.9.1982, en síðan ekki meira, og hafi hann enga skýringu fengið á því, hvers vegna eftirstöðvar voru ekki greiddar.

b) Stefndandi kvað stefnda hafa falið sér í apríl 1982 að stofna sameignarfélag, sem yrði eign hans og sonar hans, Óttars. Þá hafði Pétur Árnason stofnað sameignarfélag með syni sínum, sem talið var, að stofnað væri til höfuðs sameignarfélagi stefnda og Péturs Árnasonar. Félagið hlaut nafnið Proppé sf., og var það skráð í firmaskrá Reykjavíkur. Síðan hafi verið gengið í það að afla féluginu starfsréttinda, og hafi það ekki gengið átaka-laust, en hafst að lokum.

Stefndandi kvað Pétur Árnason ekki hafa tekið þessari félagsstofnun vel, og hafi hann haft uppi mikil andmæli, mótmælt starfsleyfum og krafist þess af stefnda, að félagið yrði afmáð úr firmaskrá.

Stefndandi kvað það hafa komið í sinn hlut að svara kröfum Péturs.

Stefndandi kvað hið nýja félag síðan hafa fengið lóð á Keflavíkurflugvelli, og kvað hann hætta þeirri, sem stafaði af sameignarfélagi Péturs og sonar hans, hafa verið bægt frá með þessum aðgerðum. Hann kvað rætt hafa verið um það á nokkrum fundum, á hvern hátt væri unnt að standa að byggingu á athafnasvæði Proppé sf., hvaða efni skyldu notuð og hvort taka ætti aðra inn í félagið. Hann kvaðst hafa reiknað sér í þóknun kr. 98.940 fyrir þessi störf, en ekki fengið neina greiðslu þrátt fyrir kröfu á hendur stefnda.

Hann kvað félagið hafa verið afskráð 10. mars 1983. Hann kvaðst því beina kröfum sínum að stefnda og áskilja sér rétt til að beina kröfum sínum að syni stefnda, Ólafi, ef svo kynni að fara, að greiðsla fengist ekki úr hendi stefnda.

IV.

Í greinargerð stefnda er málavöxtum svo lýst, að stefndi hafi leitað að-stoðar stefnanda um lausn ágreinings við meðeiganda sinn, Pétur Árnason, í sameignarfélagi þeirra, P. Árnasyni og Proppé. Störf stefnanda hafi hins vegar ekki nægt til lausnar ágreiningnum. Stefndi og synir hans hafi komið nokkrum sinnum á fund með stefnanda, auk þess sem hann hafi skrifað nokkur bréf. Að því hafi svo komið, að stefndi hafi talið hagsmunum sínum betur borgið með því að skipta um lögmann, og hafi stefndandi þá fallist á að skipta um lögmann. Eftir það hafi tekist að finna lausn málsins, sem báðir aðilar hafi sætt sig við, með því að Pétur Árnason o.fl. keyptu hlut stefnda í sameignarfélaginu. Stefndi kveður stefnanda ekki hafa gert sér reikning fyrir störf sín í þágu stefnda, en fengið kr. 10.000 greiddar upp í útlagðan kostnað og þóknun. Síðan hafi langur tími liðið, þangað til

stefnandi sendi stefnda giróseðilinn, dskj. 7, en samkvæmt honum hafi stefnandi talið störf sín og útlagðan kostnað að fullu greidd með kr. 98.500 auk fyrrgreindrar greiðslu á kr. 10.000. Þessa kröfu hafi stefndi talið óhæfilega háa og því ekki sinnt henni. Stefndi kvaðst einhverju sinni hafa hitt stefnanda á förnum vegi, og hafi stefnandi þá áamálgað kröfu sína um greiðslu. Stefndi kvaðst hafa tekið lítt undir það, en vísað stefnanda til lögmanns síns, en stefnandi hafi síðan aldrei haft samband við lögmanninn. Síðan hafi ekkert gerst, fyrr en stefnandi höfðaði mál þau, er til úrlausnar eru, og reikning hafi stefnandi ekki gert stefnda fyrr en þá, sem hér hafa verið lagðir fram.

Af stefnda hálfu er viðurkennt, að hugsanlega skuldi hann stefnanda nokkurt fé vegna starfa hans. Þá fjárhæð treysti stefndi sér hins vegar ekki til að ákveða, en hann haldi því á hinn bóginn fram, að þóknun beri að reikna á verðlagi þess tíma, sem verið var unnið, og að miða verði við þann tíma, sem til verksins fór, en ekki komi til greina að líta til hagsmuna, einkum þar sem árangur af störfum stefnanda varð lítill sem enginn.

V.

a) Í aðilaskýrslum sínum lýsir stefnandi störfum sínum í þágu stefnda. Hann kvað stefnda fyrst hafa óskað eftir viðtali við sig, er hann hringdi þann 28. september 1981. Síðan hafi hann komið á sinn fund þann 30. s.m. ásamt syni sínum, Óttari, og hafi erindi þeirra verið að fá skýringar á sameignarsamningi hans og Péturs Árnasonar um fyrirtækið P. Árnason og Proppé sf.

Stefnandi kveður stefnda síðan hafa haft samband við sig öðru hverju, það sem lifði af því ári, vegna þessa félags. Stefndi hafi ávallt hringt fyrst og greint frá því vandamáli, sem við var að etja hverju sinni, og beðið stefnanda að hugsa ráð, og hafi þá verið ákveðinn fundur 1-2 dögum seinna, þar sem ræddar hafi verið þær tillögur eða úrlausnir, sem stefnandi hafði upp á að bjóða.

Stefnandi nefnir ýmis ágreiningsefni, sem rædd voru á þessum fundum, og tillögur sínar, sem leitt hafi til þess, að ákveðið var að taka upp viðræður við Pétur Árnason um breytingar á sameignarsamningnum. Stefndi kveðst hafa viljað, að unnið yrði að þessum breytingum af lögmonnum þeirra félaga, en illu heilli hafi þeir félagar sjálfir sest að samningaborði undir forystu endurskoðanda félagsins.

Stefnandi kvað stefnda hafa komið til sín, meðan á þessum fundum stóð, og leitað tillagna um breytingar og ráðleggingar vegna tillagna Péturs Árnasonar. Stefndi kvaðst hafa viljað ganga mun skemmra í tillögum til breytinga en synir stefnda, sem oft hafi sótt fundi þeirra stefnda. Hann kvað þetta viðhorf sitt hafa byggst í ljósi (sic) þeirrar reynslu, er hann hafði áður

jafnað ágreining þeirra félaga. Hann kvað um hafa verið að ræða blómlegt fyrirtæki, sem skilaði góðum hagnaði, og ekkert vit í því að stefna í tvísýnu áframhaldandi samstarfi vegna atvika, er litlu máli skiptu.

Stefnandi kvaðst ekki hafa sótt þessa samningafundi, og hafi hann því ekki vitað, hvað þar fór raunverulega fram, annað en það, að stefndi hefði tjáð honum, að nokkuð hefði áunnist honum til hagsbóta, er augljóslega hafi mátt rekja til tillagna stefnanda. En því miður hafi heildarsamkomulag ekki náðst. Stefnandi kveður sér ekki verða um það kennt, að samningaviðræður þessar, sem hann tók ekki þátt í, báru ekki þann árangur, sem stefndi kann að hafa viljað. Stefnandi kvað stefnda hafa tekið sér frí frá störfum vegna lasleika í árslok 1981. Hafi þá verið útbúið umboð til handa Óttari Proppé yngra þess efnis, að hann sæi um hlut stefnda í sameignarfélaginu. Stefnandi kvaðst hafa lagst gegn þessu, þar sem slíkt hefði ekki tíðkast í áratugasamstarfi stefnda og Péturs. Hann kvað bleikið varla hafa verið þornað á umboðinu, er til mikils árekstrar kom milli Péturs og umboðsmannsins. Stefnandi kvað Óttar yngra hafa átt fimm viðtöl við sig í janúar 1982 vegna þessa umboðs auk nokkurra samtala.

Stefnandi kveður fundi þeirra stefnda hafa hafist að nýju í febrúar 1982, og hafi þá verið kannað, hvað hægt væri að gera, þar sem samningar höfðu ekki tekist. Stefnandi kveður stefnda hafa falið sér um miðjan mars 1982 að ræða við Pétur Árnason um efni þessi. Stefnandi kvað ekki einleikið, hve illa gekk að koma á fundi við Pétur eða lögmann hans. Stefnandi kvaðst þá hafa spurt stefnda, hvort verið væri að tefja tímenn til að koma einhverju í framkvæmd, sem kæmi stefnda illa. Stefndi hafi þá svarað því til, að slíkt væri útilokað, enda yrðu engin starfsleyfi veitt fyrir ný félög, og einnig hefði hann einn með að gera þau erlendu félög, er skiptu við sameignarfélagið, og á því yrði engin breyting án hans samþykkis. Stefnandi kveður þetta hafa reynst rangt hjá stefnda, því að staðreyndin hafi reynst sú, að einmitt um sama leyti hafi Pétur Árnason fengið starfsleyfi fyrir félagið Propac, sem hann stofnaði með syni sínum hinn 20.11.1981, en þá megi ætla, að Pétri hafi verið ljóst, að ekki gengi saman í viðræðum þeirra stefnda.

Stefnandi kveður þetta hafa verið mikið áfall fyrir stefnda, og hafi því verið ákveðið að gera sérstakar ráðstafanir vegna þessara breyttu aðstæðna.

Stefnandi kveður stefnda aldrei hafa ljáð máls á því að selja hlut sinn í fyrirtækinu. Hins vegar hafi fljótlega komið í ljós í viðræðum við Pétur Árnason og lögmann hans, að Pétur vildi kaupa hlut stefnda. Stefnandi kveður stefnda hafa fylgst náið með störfum sínum, oft komið til funda. Stefnandi kveður stefnda oft hafa rætt um þessi kauptilboð Péturs við sig í áheyrn sona sinna, og hafi þá komið fram sú afstaða hans að vilja ekki láta hlut sinn í félaginu. Hitt hafi sér ekki dulist, að sala hefði verið sonum

stefnda mjög að skapi. Stefnandi kvaðst hins vegar hafa verið að vinna fyrir stefnda og því stutt hann í hans afstöðu og því ekki leitað eftir heimild eða umboði stefnda til að semja um sölu á hans hlut. Stefnandi kvað það því ekki hafa komið sér á óvart um áramótin 1982-3, er Óttar Proppé yngri hringdi í hann og tjáði honum, að stefndi óskaði ekki eftir frekari störfum af hans hálfu. Sig hafi þá grunað, að stefndi hefði orðið undir og að skammt yrði í sölu á hlut hans í sameignarfélaginu. Það hafi og komið á daginn, því að nokkru eftir áramótin hafi hann hitt Pétur Árnason á förnum vegi, og hafi hann sagt sér í óspurðum fréttum, að hann væri búinn að kaupa hlut stefnda, og hafi hann verið kátur mjög.

Stefnandi kveður það misskilning hjá stefnda, að hann sé nú að gera honum 2 reikninga fyrir störf, sem hann hafi áður krafist í einu lagi. Gíróseðillinn, sem hann hafi sent stefnda 28. apríl 1983, hafi verið fyrir vinnu sína í sambandi við sameignarfélag stefnda og Péturs Árnasonar, og sé krafa hans vegna Proppé sf. þeim algerlega óviðkomandi.

Stefnandi kveður ástæðu þess, að stefnukrafan sé nú kr. 118.860, en ekki kr. 98.500 eins og á gíróseðlinum, þá, að fjárhæð gíróseðilsins hafi hann ákveðið samkvæmt dagvinnu, en í raun hafi stefndi yfirleitt komið til fundar við sig um það leyti, sem vinnutíma var að ljúka, og hafi fundur oftast staðið yfir til kl. 20.00 og oft lengur. En þar sem stefndi hafi ekki einu sinni haft fyrir því að ræða við sig um þessi mál, hvað þá að bjóða fram greiðslu, þannig að hann þurfi að innheimta þóknun sína með mál-sókn, þá telji hann sig ekki bundinn af dagvinnutíma, og telji hann sér því bera álag vegna eftirvinnu sinnar.

b) Stefnandi kveður stefnda hafa komið til fundar við sig í apríllok 1982. Þá hafi hann skýrt sér frá því, að félaginu Propac sf., er Pétur Árnason hafði stofnað ásamt syni sínum í árslok 1981, hafi verið veitt starfsleyfi á Keflavíkurflugvelli. Stefnandi kvaðst strax hafa séð, að félagi þessu var ætlað að keppa um verkefni við P. Árnason og Proppé sf. á Keflavíkurflugvelli, og þótt augljóst mál, að í þessum efnum stóð stefndi nú höllum fæti. Stefnandi kvað þetta mál hafa verið rætt fram og aftur; hafi sú ráðlegging hans orðið ofan á, að stefndi fetaði algerlega í fótspor með-eiganda síns og stofnaði sameignarfélag og freistaði þess að fá starfsleyfi fyrir það á Keflavíkurflugvelli. Sér hafi síðan verið falið að ganga frá félagsstofnuninni og látið skrá félagið í firmaskrá Reykjavíkur hinn 11. maí 1982. Meðeigandi stefnda að hinu nýja félagi hafi verið Ólafur Jóhann Proppé, sonur stefnda.

Stefnandi kvaðst hafa hvatt stefnda til að sækja um starfsleyfi fyrir félagið á Keflavíkurflugvelli, en undirtektir ráðuneytis hafi hins vegar verið dræmar. Þá hafi það gerst sama dag og félagið var stofnað, að stefnda barst bréf frá Péttri Árnasyni. Svo hafi virst sem stefndi gerði sér ekki grein

fyrir mikilvægi þess, en stefnandi taldi bréfið hins vegar skrýttinn hvalreka fyrir stefnda. Einungis þyrfti að leggja út af bréfinu á réttan hátt og senda til ráðuneytisins, og yrði því þá ekki stætt á því að neita Proppé sf. um starfsleyfi. Stefnandi kvaðst þá hafa útbúið greinargerð fyrir stefnda, og hafi hún ásamt bréfi Péturs Árnasonar verið send ráðuneytinu. Síðan hafi farið, eins og hann hafi sagt fyrir, að félaginu var veitt starfsleyfi á Keflavíkurflugvelli með bréfi ráðuneytisins, dagsettu 8.6.1982. Stefnandi kveður síðan hafa verið sótt um lóð fyrir hið nýja félag með bréfi, dagsettu 18.6.1982, og með bréfi ráðuneytisins, dagsettu 6.8.1982, hafi félaginu verið úthlutað lóð undir 1000 m² vöruskemmu fyrir starfsemi þess.

Stefnandi kvað það svo hafa komið yfir sig eins og þrumu úr heiðskíru lofti, er stefndi tjáði honum, að hann hefði ekki fjárhagslegt bolmagn til að ráðast í byggingu á lóðinni. Stefndi hafi hins vegar beðið hann að athuga, hvað væri til ráða. Stefnandi kvaðst þá hafa lagt til, að teknar yrðu upp viðræður um P. Árnason sf. Þær viðræður hafi svo farið fram í júlímánuði, en ekki leitt til árangurs, þar sem Pétur Árnason vildi þá einungis kaupa hlut stefnda, en stefndi vildi ekki selja. Jafnhliða þessu kveðst stefnandi hafa reynt að finna úrræði og kannað möguleika í sambandi við væntanlega byggingu, bæði varðandi byggingarkostnað og fjármögnun.

Stefnandi kvaðst því ekki sjá annað en að verkefni þau, er honum voru falin, hafi tekist vel. Honum verði hins vegar ekki um það kennt, þótt stefndi hafi leynt hann því svo lengi sem hann hafði tök á, að hann treysti sér ekki til að hefja rekstur hins nýstofnaða félags, annaðhvort vegna kjarkleysis, fjárskortis eða af öðrum ástæðum. Það sé því helbert þvaður, að hann hafi lítt sinnt þeim verkefnum, sem honum hafi verið falin, og því ekki orðið af störfum hans sá árangur, sem til hafi verið ætlast.

VI.

Í aðilaskýrslu sinni fyrir dómi lýsir stefndi viðskiptum sínum við stefnanda. Hann kvað tímafjölda þann, sem stefnandi haldi fram, að farið hafi í fundi, grunsamlega mikinn, en hins vegar geti hann ekki vefengt hann, þar sem hann hafi ekki haldið dagbók. Aðspurður, á hverju það álit hans byggist, að stefnandi hafi litið sinnt málefnum hans, svaraði stefndi því til, að hann hafi oft verið á fundum með stefnanda og rætt við hann í síma, en sér hafi vírst sem stefnandi væri alltaf að bíða eftir „boltanum“ frá hinum. T.d. hafi stefnandi oftast en einu sinni verið beðinn um að tala við utanríkisráðherra og varnarmáladeild, en það hafi hann ekki viljað, og hafi það endað með því, að stefndi og sonur hans hafi margrætt við utanríkisráðherra.

Aðspurður taldi stefndi, að hann hafi ekki falið stefnanda að semja um

sölu á eignarhluta sínum í P. Árnasyni og Proppé sf., þar sem stefnandi hafi alltaf talið úr sér að selja, en viljað halda því til streitu, að hann byggði suður á Keflavíkurflugvelli, en til þess hafi hann ekki haft bolmagn.

Aðspurður kveðst stefndi hafa tekið fram á mörgum viðræðufundum hans og stefnanda, er hann var spurður, hvaða lausn hann aðhylltist, að hann vildi gjarnan starfa við þetta í nokkur ár, eða þangað til hann hætti að vinna, ef sambúð hans og Péturs Árnasonar hefði getað orðið þökkaleg eða ef stefnandi gæti miðlað málum milli sín og Péturs.

Stefndi mótmælti þeirri staðhæfingu stefnanda, að Proppé sf. hafi fengið starfsleyfið á Keflavíkurflugvelli vegna bréfs Péturs Árnasonar. Leyfið kvaðst hann hafa fengið vegna viðtala við utanríkisráðherra. Aðspurður kvað stefndi fundartíma með stefnanda hafa verið frá kl. 17.00 síðdegis, og hafi fundirnir staðið yfir í 1 til 1½ klst., í hæsta lagi 2 klst. Hann kvað samkomulag hafa verið um fundartíma. Hann kvað þá aldrei hafa rætt um greiðslu fyrir störf stefnanda, er þessir fundir áttu sér stað.

Stefndi kvað stofnun sameignarfélagsins Proppé sf. hafa tengst deilum sínum við Pétur Árnason, enda hafi stofnun þess verið hugsuð sem mótleikur við stofnun Péturs Árnasonar á eigin sameignarfélagi. Hann kvað stefnanda aldrei hafa rætt um það, að hann óskaði sérstaklega eftir greiðslu fyrir stofnun sameignarfélagsins. Hann hafi hins vegar einhvern tíma nefnt það, að stefndi skuldaði honum 1.200 eða 1.300 krónur vegna skráningar félagsins.

VII.

Óttarr Proppé yngri gaf skýrslu fyrir dómi.

Hann kvaðst hafa talið það tímaeyðslu að hafa mikið samband við stefnanda á þessum tíma. Hann kvaðst þó hafa talað við stefnanda að ráði föður síns, sem þá var veikur, í sambandi við umboð sitt o.fl.

Hann kvað sameignarfélag stefnda og Péturs Árnasonar hafa verið rekið á óheilbrigðum grundvelli. Pétur Árnason hafi sjálfur rekið svipað fyrirtæki og notað starfsfólk og umbúðir sameignarfélagsins í eigin þágu og hagnast á því. Hann kvaðst hafa farið í atvinnuhúsnæði Péturs Árnasonar og séð þetta með eigin augum. Hann kveðst hafa rætt um þetta við stefnanda. Hann kvað rætt hafa verið við stefnanda um öll þessi mál, en hann hafi séð, að ekki gekk að leysa málin, nema skipt yrði um lögmann, og hafi hann því lagt hart að stefnda að skipta um lögmann. Hann kannaðist ekki við, að stefnandi hafi veitt honum sérstakar ráðleggingar um ferðir hans til Keflavíkurflugvallar o.fl., eins og stefnandi haldi fram á dskj. nr. 7 A.

Hann kvað það hafa valdið miklu fjaðrafoki, er hann fór í starfsstöð sameignarfélagsins á Keflavíkurflugvelli og ræddi við starfsfólk þar, suma

hverja, sem hann þekkti, frá því að hann starfaði hjá fyrirtækinu á námsárum sínum. Hann kvað Pétur Árnason þá hafa hengt upp veggaglýsingu um það, að hann hafi farið út fyrir umboð sitt. Hann kvað nauðsynlegt hafa verið, að þeir feðgar vissu, hvernig „hlutirnir gengju fyrir sig“ á vellinum.

Hann kvað annaðhvort hafa þurft að koma fyrirtækinu á heilbrigðan grundvöll eða slíta því.

Hann kvað lausn málsins hafa verið rædda við stefnanda, en það hafi ekki verið grundvöllur djúphugsaðra ráðagerða.

Því hafi allar umræður um þetta verið gagnslausar og tímasóun.

Hann kvað hugsanlega sölu hafa verið rædda við stefnanda, en ekki kannaðist hann við, að stefnanda hafi verið falið að selja hlut stefnda. Hins vegar hafi verið talað um, að stefnandi ræddi þessi mál við Pál S. Pálsson hrl., lögmann Péturs Árnasonar.

Hann kvað fundi hafa verið haldna með stefnanda vegna stofnunar sameignarfélagsins Proppé sf. Hugmyndin að stofnun þess félags hafi hins vegar ekki komið frá stefnanda. Hann kvað það ekki hafa verið ætlunina, að það félag hæfi rekstur, heldur hafi því verið beint gegn Pétri Árnasyni til þess að sýna honum fram á það, að grundvöllur gæti verið fyrir slíku félagi og að það gæti fengið rekstrarleyfi. Hann kvað stefnda hafa viljað láta stefnanda sjá um stofnun félagsins. Hann kvað það fjarstæðu, að það hafi tekið 51 klst. að ræða þessi mál. Á þessum fundum hafi margt fleira en sameignarfélagið Proppé sf. borið á góma.

Annars hafi verið rætt um heima og geima almennt á fundum með stefnanda. Ekkert hafi gerst. Fundirnir hafi frekar líkst sálgæslurabbi. Hins vegar hafi stefndi vonað, að stefnandi gæti gert eitthvað í málunum, t.d. fengið Pétur Árnason til hugsanlegra samninga, t.d. með því að benda á einhverjar lagalegar leiðir. En ekkert hafi gerst. Hann kvað þann möguleika hafa verið nefndan við stefnanda, að byggt yrði á Keflavíkurflugvelli, en ekki hafi verið leitað eftir ráðleggingum hans í þeim efnum, sem frekar hefði átt að gera hjá tæknimenntuðum aðilum.

Eiginkona stefnanda, Kristín Haraldsdóttir, gaf skýrslu fyrir dómi. Hún kvað aðila hafa átt þá viðræðufundi, sem fram kæmu á yfirliti stefnanda. Hún kvaðst taka á móti fólki og annast símaðörslu fyrir stefnanda. Hún kvað fundi aðila hafa hafist eftir kl. 16.00 á daginn, og hafi þeir oft staðið yfir til kl. 20.00 eða að ganga 21.00 á kvöldin. Hún kvað þessi fundahöld hafa staðið yfir á annað ár. Hún kvaðst hafa skráð fundartíma. Þá kvaðst hún hafa skráð öll símtöl, sem annar eins tími hafi farið í og fundina.

VIII.

Kröfugerð stefnanda er samkvæmt 2 reikningum, sem hann lagði fram

við þingfestingu málsins 14. janúar 1986. Óumdeilt er, að stefndi fékk ofangreinda reikninga þá fyrst í hendur.

Reikningarnir eru svohljóðandi:

REIKNINGUR.

Hr. Óttarr Proppé, Sunnuvegi 12, Hafnarfirði.

Þóknun fyrir störf að samningum o.fl. vegna ágreinings um rekstur sameignarfélagsins P. Árnasonar & Proppé á tímabilinu september 1981 til ársloka 1982.

Útbúið umboð, átt viðræður við Pétur Árnason, endurskoðanda sameignarfélagsins og lögmenn Péturs Árnasonar.

Enn fremur veittar ráðleggingar vegna ágreinings um uppsagnir sameignarsamnings, ýmislegt varðandi rekstur félagsins, svo sem mannaráðningar, kaupgreiðslur, birgðaeftirlit o.fl.

Þóknun og útlagður kostnaður	kr. 128.860
Innborgað hinn 14. september 1982	— 10.000
Eftirstöðvar	kr. 118.860

Jón Bjarnason
(sign.)

REIKNINGUR.

Hr. Óttarr Proppé, Sunnuvegi 12, Hafnarfirði.

Vinna við stofnun sameignarfélagsins Proppé sf., Reykjavík, í apríl og maí 1982, tilkynningu um stofnun þess til firmaskrár Reykjavíkur og skráningu.

Aðstoð við útvegum rekstrarleyfis fyrir félagið á Keflavíkurflugvelli og lóðar á flugvallarsvæðinu fyrir byggingu og athafnasvæði sameignarfélagsins.

Athuganir vegna byggingarmöguleika, efnisvals og samvinnu eða sameignar við aðra aðila um væntanlegar byggingarframkvæmdir.

Þóknun og útlagður kostnaður kr. 98.940.

Jón Bjarnason
(sign.)

Í þinghaldi 19. sept. 1986 lagði stefnandi fram lista yfir þorra þeirra verkfæra, er stefndi hefði falið honum að vinna að á árunum 1981 og 1982, en samkvæmt honum væru þau:

1. Skýringar á sameignarsamningi við Pétur Árnason.
2. Ráðleggingar v/fjársveltis sameignarfélagsins.
3. Ráðleggingar vegna samninga um móttöku og meðferð pósts.
4. Ráðleggingar vegna tilhögunar á móttöku fjár og greiðslum.

5. Ráðleggingar vegna breytinga á sameignarsamningi.
6. Útbúið umboð til handa Óttari Proppé yngra.
7. Leiðbeiningar til handa Óttari Proppé v/umboðs.
8. Ráðleggingar til handa Óttari Proppé v/mótmæla P.Á.
9. Ráðleggingar vegna meintrar birgðarýrnunar.
10. Ráðleggingar vegna meintrar misnotk. P.Á. á starfsfólki fél.
11. Ráðleggingar vegna tölvuvæðingar og breytinga skrifstofu.
12. Ráðleggingar vegna vitneskju um framtöl.
13. Ráðleggingar vegna athugunar á húsnæði að Ártúnshöfða.
14. Samningatilraunir við P. Árnason og lögmenn hans.
15. Ráðleggingar v/ferða Ó.P. yngra á Keflavíkurflugvöll.
16. Ráðleggingar v/skipulagningar vinnuflokka á Keflavíkurvelli.
17. Ráðl. og ath. v/kaupþilboða og hugsanl. kaupa Ó.P.
18. Ráðl. vegna stofnunar félagsins PROPAC sf.
19. Ráðl. vegna stofnunar félagsins ÍSIS sf.
20. Ráðl. vegna starfs og kaupgreiðslna sonar P.Á á Keflavflugv.
21. Ráðl. vegna launagreiðslna til Óttars Proppé yngra.

Í sama þinghaldi lagði stefnandi fram lista yfir fundartíma með Óttari Proppé, Óttari Proppé yngra, Ragnari Aðalsteinssyni hrl., Sveini Jónssyni endurskoðanda, Páli S. Pálssyni hrl. og Péttri Árnasyni á árunum 1981 og 1982, samtals 68 klst.

Við aðalf lutning málsins þann 20. október 1987 lagði stefnandi svo fram sundurliðun vegna áðurgreindra 2 reikninga, og er hún svohljóðandi:

Sundurliðun samkvæmt vinnulista:

Liður	nr.	1.	Vinnustundir	4 klukkutímar	kr.	1.700
—	—	2.	—	29	—	12.325
—	—	3-4.	—	13	—	5.525
—	—	5.	—	39	—	16.575
—	—	6.	—	innifalið í þóknun	—	360
—	—	7-8.	—	15 klukkutímar	—	6.375
—	—	9.	—	8	—	3.400
—	—	10.	—	5	—	2.125
—	—	11.	—	7	—	2.975
—	—	12.	—	9	—	3.825
—	—	13.	—	6	—	2.550
—	—	14.	—	35	—	14.875
—	—	15-16.	—	12	—	5.100
—	—	17.	—	8	—	3.400
—	—	18-19.	—	14	—	5.950

Liður	nr. 20.	Vinnustundir	10 klukkutímar	kr.	4.250
—	— 21.	—	7 —	—	2.975
Samtals				221 —	kr. 94.285
Símtöl alls 33 klukkustundir				—	14.025
Útlagður kostn., frímerki o.fl.				—	550
					kr. 108.860
Álag vegna eftirvinnu				—	20.000
				Samtals	kr. 128.860

Sundurliðun:

Vinna við ráðleggingar vegna starfsleyfis			
PROPAC sf., Keflavíkurflugvelli	14 klt.	kr.	6.300
Stofnun sameignarfél. PROPPÉ sf.			
skv. taxa		—	24.140
Skráning hjá firmaskrá Reykjavíkur		—	1.040
Vinna við að svara bréfum frá Páli S.			
Pálssyni hrl. og Pétri Árna-			
syni og viðtöl	26 klt.	—	11.700
Vinna við að afla starfsleyfis á Kefla-			
víkurflugvelli fyrir PROPPÉ sf.	16 klt.	—	7.200
Unnið við að afla úthlutunar á lóð á			
Keflavíkurflugvelli fyrir starfsemi			
sameignarfélagsins PROPPÉ	30 klt.	—	13.500
Unnið við byggingaráætlanir, athugað með			
tilbúnað skemmur, verð og greiðslu-			
skilmála svo og fjármögnun og			
fleiri meðeigendur að sameignar-			
félaginu	41 klt.	—	18.450
	Samtals	127 klt.	kr. 82.330
Samtöl alls 14 klukkustundir		—	6.300
Útlagður kostnaður		—	310
Álag vegna eftirvinnu		—	10.000
	Samtals		kr. 98.940

Stefnandi byggir dómröfur sínar á því, að stefndi skuldi honum framan- greindar stefnukröfur samkvæmt framlögðum reikningum vegna vinnu stefnanda fyrir stefnda vegna félagsins P. Árnasonar og Proppé sf. annars vegar og Proppé sf. hins vegar. Stefnandi kveðst margt hafa kafið stefnda um greiðslu, en þrátt fyrir itrekuð loforð í því efni hafi engin

greiðsla borist sér. Stefnandi telur sig ekki bundinn af þeirri fjárhæð, sem fram komi á gíróseðli þeim, er hann sendi stefnda á sínum tíma.

Stefndi byggir dómkröfur sínar á því, að reikningar stefnanda séu of háir, rangir og órökstuddir og að ekki sé gerð grein fyrir útlögðum kostnaði. Hann viðurkennir hins vegar, að hann skuldi stefnanda nokkurt fé vegna starfa hans, en þá fjárhæð eigi að rukka á verðlagi þess tíma, sem verkið var unnið, og miða við þann tíma, er til verksins fór, en ekki komi til greina að líta til hagsmuna, einkum þar sem árangur af störfum stefnanda hafi orðið lítill sem enginn. Þá telur stefndi stefnanda bundinn af gíróseðli þeim, sem hann sendi stefnda, og geti hann því ekki hækkað kröfugerð sína frá því, sem á honum komi fram. Þá telur stefndi stefnanda reikna sér allt of hátt tímakaup og ætla sér allt of marga tíma, en vinna sú, er stefnandi telji sig hafa innt að hendi, samsvari 2 mánaða vinnu miðað við 8 stunda vinnu. Þá beri stefnanda ekki vextir fyrr en frá þingfestingardegi.

Niðurstaða dómsins.

Óumdeilt er í málinu, að stefnandi vann að þeim verkefnum í þágu stefnda, sem getið er um í sóknarskjölum stefnanda. Stefndi vefengir á hinn bóginn, að allan þann tíma hafi þurft til þessara starfa, sem haldið sé fram af stefnanda, eða að hann hafi fundað með stefnanda jafnlengi og stefnandi haldi fram. Þá reikni stefnandi sér of hátt tímakaup, og eins hafi árangur af störfum stefnanda orðið lítill sem enginn.

Dómurinn telur þá staðhæfingu ósannaða, að enginn árangur hafi orðið af störfum stefnanda, þótt ekki hafi tekist að leysa endanlega þau ágreiningsmál, er starf hans vörðuðu, meðan hann var enn í þjónustu stefnda.

Dómurinn telur stefnanda hafa starfað í þágu stefnda persónulega, og hafi stefnanda mátt vera það ljóst, að stefndi taldi störf hans öll vera lið í því að leysa ágreiningsmál stefnda og Péturs Árnasonar, en ekki þannig, að hann væri að vinna sérstaklega fyrir sameignarfyrirtækið Proppé sf., en stofnun þess o.fl. verður að líta á sem þátt í lausn framangreinds ágreinings. Engu að síður verður að telja ósannað, að endanleg kröfugerð af hálfu stefnanda fælist í gíróseðli þeim, er hann sendi stefnda og ekki var greiddur.

Þótt stefndi hafi ekki getað hnekkst með gögnum þeim vinnustundafjölda, sem stefnandi reisir kröfugerð sína á, telur dómurinn engu að síður, að gögn málsins, rökstuðningur stefnanda og þær upplýsingar, sem komið hafa fram undir rekstri málsins, leiði til þess, að telja verði þann tíma, sem stefnandi telur hafa farið til verksins, og þóknun, er stefnandi áskilur sér, hærri en eðlilegt geti talist og með sanngirni megi ætla stefnda að hlíta.

Í þessu tilliti ber að líta til þess, að af hálfu stefnanda hefur ekki verið

sýnt fram á, af hvaða ástæðum svo mikinn tíma hafi þurft til ýmissa þeirra liða, sem fram koma í kröfugerð hans og að framan er rakið. Þá telur rétturinn það tímagjald, sem stefnandi reiknar, hærra en ráða megi af gjaldskrá LMFÍ á viðkomandi tíma.

Dómurinn telur því, að eftir atvikum og þegar öll gögn eru virt og það annað, sem fram hefur komið undir rekstri málsins, sé hæfileg þóknun stefnanda fyrir öll störf hans í þágu stefnda kr. 120.000.

Þar sem stefndi fékk reikninga stefnanda fyrst í hendur við þingfestingu málsins og mjög langur tími leið, frá því að stefnandi hætti störfum í þágu stefnda og þar til hann höfðaði mál þetta, þykir ekki unnt að taka til greina kröfu stefnanda um dráttarvexti fram að stefnubirtingardegi. Dráttarvextir af tildæmdri fjárhæð ákvarðast því frá stefnubirtingardegi, eins og í dómsorði er rakið.

Þá verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 50.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur af málflutningsbókunum.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Óttar Proppé, greiði stefnanda, Jóni Bjarnasyni, kr. 120.000 með 36% ársvöxtum frá 7.1.1986 til 1.3.1986, með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1.4.1986, með 2,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1.3.1987, með 2,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 6.5.1987, en með ársvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 50.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur af málflutningsþóknun.
